

# SKRÍTIN ÁSTARSAGA

## I

James Ward, höfundur bókarinnar „A Subaltern in Spirit Land“, hefir eftir hinum framliðna bróður sínum R. W., ástarsögu, sem mjög er þess verð að henni sé gaumur gefinn. R. W. er á ferðalagi til að kynnast „andalandinu“, og þá hittir hann mann og konu, sem verið höfðu hjón í lífinu hér á jörðu, og lifa enn saman, eftir að þau eru flutt til annarrar stjórnu. En þó að þau lifi við ágætar ástæður, í framúrskarandi fögru héraði, þá eru þau döpur. R. W. þykir þetta undarlegt mjög, og fer að grennslast eftir hvernig á því geti staðið, og segja þessi hjón honum þá sögu sína. Þau höfðu verið hugfangin mjög hvort af öðru, en litu á ástina líkt og Jón biskup helgi — eða öllu heldur höfundur yngri sögunnar af honum, sem segir að hinn helgi Jón hafi verið tvíkvæntur, en af hvorugri konunni „saurgast“, þar sem eldri sagan segir aðeins, að hann hafi ekki átt börn þau er „úr æsku komust.“ Hjónum þessum virtist sem þau mundu óvirða ást sína með því að njótast, og lifðu þessvegna í hjónabandinu eins og hinn heilagi Magnús Eyjajarl, sem hafði ker með köldu vatni rétt hjá hjónasænginni, til stuðnings „hreinlífi“ sínu. En þegar yfirum kom fundu hjónin, að þetta hafði verið misskilningur. Nú varð þrá þeirra eftir þeim ástaratlotum sem þau höfðu neitað sér um, óviðráðanleg. En nú gátu þau sér ekki þetta veitt. Og af því voru þau döpur, þó að lífernir þeirra hefði að öðru leyti verið þannig, að þau gátu eftir líkamslátið flust til þessa fagra og góða staðar.

## II

Saga þessi er ennþá eftirtektarverðari vegna þess að höfundurinn, J. Ward, hallast eindregið að kaþólsku kirkjunni

og dáist mjög að kennimönum hennar, en þeir mega, eins og kunnugt er, ekki kvænast. Það verður því að teljast í ólíklegasta lagi, að hann hafi sjálfur búið til sögu þessa, en hitt líklegra miklu, að sagan sé sönn, enda tekur J. W. það fram einhversstaðar, að hann hafi handanað fræðst um margt það sem honum þótti í ólíklegasta lagi og jafnvel var alveg gagnstætt því, sem hann hafði verið sannfærður um.

Það greiðir nokkuð fyrir skilningi á forlögum þessara hjóna sem voru döpur þó að þau væru í himnaríki, að hugleiða, hversu líf vort hér á jörðu er fyrsta tilraun, og verður því alltaf að meira eða minna leyti kák og fálm, og mistekst loks alveg fyrir öllum. Mundu þeir óefað hafa rétt fyrir sér spekingarnir Epíkúr og Schopenhauer, sem halda því fram að lífið sé það, sem heldur hefði ekki átt að vera („das Leben ist etwas das besser nicht wäre“, segir Schopenhauer) — ef ekki væri neitt framhald af lífinu hér á jörðu. En nú er það ekkert vafamál, að tilrauninni til lífs er haldið áfram. Sífellt vaxandi samstilling til sífellt æðra lífs, er takmarkið, en ástin milli manns og konu er þar undirstöðuatriði. Schopenhauer hefir ekki rétt fyrir sér með hinni frægu kenningu sinni, að ástin sé aðeins nokkurskonar gabb frá náttúrunnar hendi, tilgangurinn enginn annar en sá, að tryggja sem best, að mannkynið haldi áfram að vera til. Fyrir náttúrunni sé tegundin allt, en einstaklingurinn ekkert. Nú er við því að búast, þar sem annar eins spekingur og Schopenhauer á í hlut, að í kenningu þessari sé eithvað sem til sanns vegar megi færa, en þó er það fullkomlega víst, að afkvæmið er ekki eini tilgangur ástarinnar. Maður og kona verða að njóta hvort annars að, ef þau eiga að ná fullum þroska. Það er því ekki svo undarlegt, og síst gabb, þó að ástin sé sá meginþáttur mannlífsins sem er, og sérstaklega erfitt það, sem í þeim efnum mistekst. Og það þarf ekki að efa, að ástinni er ekki lokið þegar yfirum kemur, heldur nær hún meiri og meiri fullkomnun, og er sjálf leiðin til sífellt vaxandi fullkomunar. En hér á þessum útjaðri, verður að byrja, og skiljanlegt að annar eins misskilningur og sá sem vér fréttum af í þessari ástarsögu, geti orðið til nokkurar tafar þegar yfirum

kemur, og hinn nýi líkami er skapaður. En þó getum vér verið viss um, að hjón þessi muni fyrr eða síðar geta lifað samkvæmt því sem þeim nú finnst rétt, og að erfiðleikarnir sem verða á leið þeirra til fullkomnumnar, af því að þau nutust ekki, eru ekki sambærilegir við þrautir þær sem þeir fá að reyna, þegar yfirum kemur, sem í lífinu hér á jörðu hafa verið illgjarnir og illvirkir.